



Reykjavík, 4. desember 2020

## Velferðarnefnd Alþingis

**Erindi: Umsögn við Þingskjal 454 – 362. mál.**

### **Athugasemdir við frumvarp um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs.**

Forysta KFUM og KFUK fagnar þeim skilningi sem stjórnvöld hafa á alvarlegri stöðu íþróttá- og æskulýðsstarfs á tímum kórónuveirufaraldurs og þeim vilja sem felst efnislega í frumvarpinu til að létta þar undir. Hinsvegar gerum við alvarlegar athugasemdir við frumvarpið því við teljum það mismuna skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi í landinu.

Þó svo að Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands sé stór aðili, þá heyrir einnig undir málaflokkinn skipulagt æskulýðsstarf sem ekki er flokkast sem íþróttastarf, þ.á.m. skátahreyfingin, KFUM og KFUK, hluti af starfi UMFÍ, Skáksambandið og LUF. Þetta eru aðilar sem starfa á grundvelli æskulýðslaga og gera samning þess eðlis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Frumvarpið snýr eingöngu að þörfum íþróttahreyfingarinnar. Æskulýðsstarfið sem ekki heyrir undir Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, er skilið eftir úti í kuldinum. Í því fellst mismunun á skipulögðu og viðurkenndu æskulýðsstarfi eftir því hvort það starfi undir formerkjum íþróttá eða ekki.

Það er fullt af börnum sem finna sig ekki í íþróttunum en finna sig í skátastarfi, í starfi KFUM og KFUK og sambærilegu skipulögðu æskulýðsstarfi. Með frumvarpinu er verið að senda þau skilaboð út í samfélagið að æskulýðsstarf þessara barna eigi ekki að búa við sömu tækifæri og íþróttastarfið til að komast í gegnum kófið.

Við í KFUM og KFUK erum að kljást við sömu áskoranir og íþróttafélögin vegna Covid-19, þ.m.t. niðurfellingar á starfsemi og viðburðum, launaskuldbindingar gagnvart starfsfólki, tekjufall o.s.frv. Við förum einfaldlega fram á að stjórnvöld gefi okkur sömu tækifæri og þau ætla að gefa íþróttafélögunum til að sækja um stuðning til að komast í gegnum þetta krefjandi ástand.

Því vil ég hér formlega, fyrir hönd KFUM og KFUK, óska eftir að frumvarpið verði lagað og leiðrétt í meðferð nefndarinnar, svo það nái einnig til fyrrgreindra æskulýðshreyfinga sem ekki heyrir undir Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands.

Virðingarfyllst

---

Tómas Torfason  
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi  
tomas@kfum.is / Sími 896 3199